

FUNDARGERÐ

294. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 25. febrúar 2026 og hófst kl. 15:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Stefán Jón Hafstein, Diljá Ámundadóttir Zoega, Ingvar Smári Birgisson, Eiríkur S. Svavarsson og Jónas Skúlason, í fjarveru Silju Daggar Gunnarsdóttur. Heimir Már Pétursson, Auður Finnbogadóttir, Kristín Sóley Björnsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru Eva Georgs. Ásudóttir dagskrárstjóri sjónvarps, Fanney Birna Jónsdóttir dagskrárstjóri Rásar 1 og Matthías Már Magnússon dagskrárstjóri Rásar 2.

1. Fundargerð

Fundargerðir nr. 293 var lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál

a. Uppgjör

Farið var yfir stöðu á uppgjóri 2025. Búið sé að ljúka vinnu við allar afstemmingar og uppgjörsfærslur þ.m.t. milli móðurfélags og dótturfélags. Unnið sé að því að koma uppgjörsgögnum og öðrum upplýsingum til endurskoðenda en áætlað sé að þeirra vinnu ljúki í mars. Jafnframt sé verið að ljúka við síðustu skýringar í ársreikningi. Stefnt sé að því að endanlegt uppgjör ársins 2025 ver kynnt á stjórnarfundum 20. mars nk. og ársreikningur undirritaður samhliða. Ársreikningurinn verði kynntur á aðalfundi félagsins um miðjan apríl.

Vegna vinnu við ársuppgjörið 2025 undanfarnar vikur sé uppgjóri fyrir janúar ekki að fullu lokið og því séu tölurnar því birtar með þeim fyrirvara. Endanlegar tölur verða birtar samhliða febrúaruppgjöri. Áætlað var að hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) næmi 140 m.kr. í janúar og er útlit fyrir að sú áætlun standist nokkurn veginn.

b. Uppfærð rekstraráætlun

Rekstraráætlun RÚV var samþykkt 26. nóvember og sé gert ráð fyrir því að félagið skili um 25 m.kr. rekstrarafgangi á árinu 2026 til samræmis við markmið stjórnar um yfirvegaðan og hallalaus rekstur. Enn fremur var sett markmið um að sjóðstaða félagsins haldist að jafnaði jákvæð á árinu og verði jákvæð um a.m.k. 50 m.kr. í lok árs 2026. Gerður var fyrirvari við samþykkt áætlunarinnar um að stjórnin endurmæti stöðu og horfur í rekstri félagsins í febrúar með það að markmiði að rekstrarniðurstaða ársins yrði jákvæð.

Eftir að rekstraráætlunin var samþykkt voru teknar ákvarðanir um að senda ekki framlag fyrir hönd Íslands í Eurovision og í framhaldinu að ekki yrði haldin Söngvakeppni. Aðrir dagskrárliðir munu koma í stað Söngvakeppninnar en nettó niðurstaðan í heild mun fela í sér lækkun bæði á tekjum og gjöldum. Markmið um 25 m.kr. rekstrarafgang mun eftir sem áður haldast óbreytt. Að öðru leyti hafa ekki orðið markverðar breytingar á forsendum rekstraráætlunarinnar s.s. hvað varðar mat á efnahagshorfum eða út frá niðurstöðu úr ársuppgjöri 2025 og uppgjöri í janúarmánuði 2026. Það sé því mat fjármáladeildar að ekki sé tilefni til að gera aðrar breytingar á rekstraráætluninni en þeim sem leiða af ákvörðunum um að halda ekki Söngvakeppni og taka ekki þátt í Eurovision á þessu ári.

Tekjuáætlun ársins sé lækkuð um 100 m.kr. frá því í nóvember. Á móti lægri tekjum er rammi sjónvarpsins lækkaður um 100 m.kr. þannig að áætluð afkoma haldist óbreytt. Það svigrúm sem skapast

SKB
DAR
153

við lækkuð kostnaðar vegna Söngvakeppninnar og Eurovision verður nýtt í tvo dagskrárliði sem koma inn í vordagskrána.

c. Ýmsar rekstrarupplýsingar

Sjóðstaðan var jákvæð um nálægt 300 m.kr. í lok janúar. Það er nokkurn veginn í takt við áætlun sem geri ráð fyrir að sjóðstaðan aukist í janúar og febrúar en taki svo að lækka fram á sumarið.

Fjöldi stöðugilda voru um 270 í janúar en þurfi að vera að meðaltali á bilinu 265-270 á árinu. Verktakakostnaður var 2% lægri að raunvirði árið 2025 en árin 2022-2024 m.kr., verðlag 2026.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu ársins 2025 þá námu fjárfestingar ársins 403 m.kr. Það er tæplega 30 m.kr. undir því sem áætlun ársins gerði ráð fyrir. Áætlaðar afskriftir nema 410 m.kr. þannig að nettó var

fjárfesting 7 m.kr. lægri en afskriftir ársins. Um 215 m.kr. var varið í fjárfestingar í tæknirekstri, 126 m.kr. í ýmsan framleiðslutengdan búnað og 62 m.kr. í húsnæði- og lóðaframkvæmdir.

Birgðir af öðru efni en íþróttafni hafi dregist saman um 17% frá miðju ári 2024 að nafnvirði og að raunvirði hafi þær ekki verið lægri en síðan í ársbyrjun 2023. Birgðir hafi verið talsvert umfram birgðabakið í krónum talið frá upphafi árs 2023 en ef þakið hefði tekið verðlagsbreytingum þá væru birgðirnar nálægt þakinu.

Greiðslur til sjálfstæðra framleiðenda voru nokkuð lægri árið 2025 en árin 2023 og 2024 en hlutfallsleg skipting á aðkeyptu efni helst óbreytt á milli ára.

3. Minnisþingar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri fór yfir drög að landsbyggðastefnu og landsbyggðaaætlun sem hafa verið í vinnslu í nokkurn tíma. Stefnan og áætlunin sé unnin á grunni laga um Ríkisútvarpið, fjömiðil í almannabágu, þjónustusamnings og stefnu RÚV og var unnin af starfshópi innan RÚV og fór í kjölfarið í samráðsferli sem m.a. fór fram á fundum með landshlutasamtökum sveitarfélaga o.fl. Áhersla er lögð á þjónustu við alla landsmenn og að mæta landfræðilegum fjölbreytileika íslensks samfélags með ýmsum hætti.

Stjórn óskaði að landsbyggðarstefnan verði sérstaklega rædd á næsta stjórnarfundum og til staðfestingar.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir undirbúningi vegna 60 ára afmælis sjónvarpsins síðar á þessu ári, en ýmislegt er í undirbúningi og þar á meðal í dagskrárgerð í tengslum við afmælið. Útvarpsstjóri fór sömuleiðis yfir undirbúning að næsta útvarpsþingi, sem haldið er árlega síðari hluta hvers árs. Á útvarpsþingi sem er öllum opið er rætt um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu frá ýmsum hliðum. Undanfarin ár hefur verið fjallað um ýmis atriði og á síðasta þingi var fjallað um það hvernig dreifingu efnis fjölmiðla verði háttáð í framtíðinni og hvernig fólk muni nálgast efni fjölmiðla. Til skoðunar nú er að beina sjónum að ungum notendum almannabjónustumiðla og hvaða leiðir séu færar til þess að ná enn betur til ungs fólks.

Útvarpsstjóri fór yfir greiningu sem tekin er saman árlega um stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði, en þar eru helstu mælikvarðar RÚV rýndir sem og staða og þróun mála í sjónvarpi, útvarpi, hjá netmiðlum, dagblöðum sem og neyslukönnun Gallup um notkun á fjölmiðlum og samfélagsmiðlum o.fl.

4. Tónlistarstefna allra miðla

Dagskrárstjórar Rásar 1 og Rásar 2 og dagskrárstjóri sjónvarps formaður komu inn á fundinn. Farið var yfir tónlistarstefnuna og greint frá mælikvörðum og núverandi stöðu. Var tónlistarstefnan staðfest af stjórn án andmæla.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "KSB" and "1513".

5. Samspil milli RÚV1 og RÚV2

Rætt var um samspil milli RÚV 1 og RÚV 2 þegar kemur að íþróttum/stórmótum og fréttum. Óskaði stjórnarformaður eftir skýrari línunum um verkaskiptinu sjónvarpsrásanna. Nefndi til dæmis að í útvarpi væri Rás 2 „íþróttarásin“ að öllu jöfnu og gæti sama átt við sjónvarp. Stefna ætti að því að hnika ekki föstum aðalfréttatíma sjónvarps sem nú sé kl. 19:00 á RÚV1 að óþörfu meðan RÚV2 væri ónotuð. Að hans mati væri fréttatíminn gengisfelldur með því að færa hann á breytilega jaðartíma í dagskrá og gæta yrði að því að hlutverk og ábyrgðarskylda RÚV gagnvart fréttaflytningi væri víðtæk og mikil, ekki síst þegar framboð af kvöldsjónvarpsfréttum almennt væri minna nú en áður.

Dagskrárstjóri sjónvarps greindi frá því að það væri dagskrárákvörðun að setja ekki vinsælustu dagskrárliði í línulegu sjónvarpi til höfuðs hvor öðrum. Víða á Norðurlöndum og Bretlandi séu fréttatímar færðir vegna íþróttuútsendinga og annarra stórvíðburða. Tilfærsla fréttatímna sé ekki bundin við öflun auglýsingatekna hjá þeim aðilum. Vinsælir línulegir dagskrárliðir á borð við íþróttir geri það að verkum að kvöldfréttir ná til fleiri áhorfenda sem annars myndu ekki horfa á þær. Þá séu gæði útsendinga ekki sambærilega á milli stöðvanna og Tíro textun eingöngu í boði RÚV 1. Boðaði formaður frekari umræður um skýrari og fastmótaðri verkaskiptingu rásanna þegar væntanleg dagskrárstefna sjónvarps verði kynnt.

Boðaði formaður frekari umræður þegar væntanleg dagskrárstefna sjónvarps verði kynnt.

6. Önnur mál

a. Undirbúningur aðalfundar

Farið var yfir nokkur atriði í aðdraganda aðalfundar, sem haldinn verður 16. apríl nk.

b. Nýlegt dagskrárefni

Skipst var á skoðunum um efni 1. þáttar *Vítahringur Margrétar Löf*, m.a. í ljósi samfélagslegrar umræðu sem hefur spunnist um efnistökin og umfjöllunar af þeim toga sem um ræddi í þættinum.

Fundi slitið.

Stefna
Dýa Arnald
Zoeja
Sam
Ingvar Ómar Þingsson
Christin Soley Þjornadóttir